

## 4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum veitingastöðum, is-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 8 að kveldi, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Einnig er börnum innan fermingar (14 ára aldurs) óheimill aðgangur að almennum kvikmyndasýningum eftir kl. 8 síðdegis.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái ekki aðgang og hafist þar ekki við, fram yfir það sem leyfilegt er.

Enn fremur er börnum og unglingum bannaðar óþarfafærðir út á bryggjur og í skip, sem við þær liggja, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

## 5. gr.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kveldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og eftir kl. 10 síðdegis á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum eða forráðamönnum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kveldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 11 að kveldi á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum eða forráðamönnum.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

## 6. gr.

Börn innan 12 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

## 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað frá 8. nóv. 1939.

*Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

Nr. 201.

21. september.

## AUGLÝSING

### varðandi umsóknir um skráningu sérlyfja.

Umsóknir um skráningu sérlyfja, sem óskað er að tekin verði á sérlyfjaskrá, sem ætlað er að komi út í byrjun árs 1965, skulu hafa borizt ráðuneytinu fyrir 15. nóvember 1964 og vera í því formi, sem reglugerð nr. 48 20. maí 1964 segir til um.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. september 1964.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Jón Thors.*